

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hafa hugmyndir um fjárfestingar þýska hafnarrekstrarfélagsins Bremenports til uppbyggingar stórskipahafnar í Finnafirði verið metnar miðað við möguleg áhrif á þjóðaröryggi, m.a. í ljósi fréttar af því að kínversk stjórnvöld kunni að vera fjárhagslegur bakhjarl verkefnisins að einhverju leyti?
- Hafa samstarfsaðilar Íslands í varnar- og öryggismálum lýst áhuga á því að koma að uppbyggingunni með formlegum eða óformlegum hætti, m.a. í ljósi fréttar af því að sjóher Bandaríkjanna hafi hug á að ná varanlegri fótfestu hér á landi?

Skriflegt svar óskast.